



## NÚVERANDI ÁSKORANIR

Undanfarin ár hefur hann unnið á fyrstu hæð vinnustaðarins en mötuneytið er á fjórðu hæð og því miður hefur lyftan síendurtekið verið að bíla sem hefur komið sér mjög illa. Hann hefur stundum upplifað að hann sé til vandræða því það hefur þurft að sækja mat fyrir hann upp þar sem hann kemst ekki upp. Hann hefur einnig fundið stuðning í kringum sig og þirring hjá öðrum fyrir hans hönd á þessari bilun.

Núna er verið að auglýsa starf í bókhaldsdeildinni sem er á 3. hæð og þar er ekki alveg nógu gott aðgengi fyrir hjólastóla. Hann lætur það aðeins aftra sér í að sækja um því hann veit að það þyrfti þá að laga lyftuna almennilega og að það þyrfti að endurbæta vinnuástöðuna á 3. hæð ef hann myndi fá starfið. Einnig þyrftu einhverjir samstarfsmenn að færa sig til svo að hann ætti auðveldara með aðgengi að vinnuástöðunni.

Hann finnur fyrir kvíða og smá þirringi yfir því að þetta sé að trufla hann svona og að hugsanlega verði horft framhjá honum vegna þessa.

Hann veltir líka fyrir sér hvort samstarfsfólki muni finnast hann vera að fá eitthvað meira en þeir.

# RÓBERT

## VERKEFNASTJÓRI

ALDUR 45

KYN Karl

ÞJÓÐERNI Íslenskur

**FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR** Giftur með tvö börn á grunnskólaaldri. Er fatlaður, notast við hjólastól.

**STARF/FERILL** Vinnur í móttöku og sinnir verkefnum á skrifstofu hjá stóru fyrirtæki. Menntun í bókhaldi og endurskoðun.

## VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Mjög jákvæður að eðlisfari.
- Góður starfskraftur og samstarfsfélagi.
- Aðrir hafa lýst honum sem mjög hjálpsömum og að auðvelt sé að leita til hans.
- Hann á það til að fá smá kvíða og þá sérstaklega í þeim aðstæðum sem athyglin beinist að fötlun hans. Eins og þegar hann hefur verið fastur á hæð þar sem lyftan er biluð. Þá verða margir pirraðir fyrir hans hönd en enginn getur gert neitt.

## HVATNING

- Hann langar til að breyta um starf og fá tækifæri til að nýta sína menntun meira. Fá verkefni við hæfi og meiri ábyrgð.
- Hann vill ekki láta fötlun sína stoppa sig í að sækja um starf sem hann getur vel sinnt bara vegna þess að lyftan er reglulega að bíla, eitthvað sem ætti að vera auðvelt að laga fyrir fullt og allt.
- Hann vill sýna börnunum sínum gott fordæmi líka, að maður getur allt sem maður ætlar sér þó það séu hindranir.

## VINNUAÐSTÆÐUR

- Róbert er mjög vel liðinn í vinnunni og hefur sinnt starfi sínu gríðarlega vel. Samstarfsfólk hans er duglegt að leita til hans með vandamál og fá reglulega aðstoð frá honum.
- Hann hefur allt sem þarf í auglýst starf og veit að hann getur sinnt því vel.
- Hann veit að hann er vel liðinn og að hann á mikla möguleika á að fá starfið en hann er smá hræddur um að stjórnendur á þeirri deild muni horfa á það sem vesen að þurfa að breyta vinnurýminu svo að hann eigi auðveldara með að komast að.
- Einnig þyrftu aðrir hugsanlega að færa sig á milli starfsstöðva til að auðvelda hans aðgengi.

## Spurningar stjórnanda

- Ætti ég að hvetja Róbert til að sækja um í bókhaldinu?
- Væri hægt að færa hans vinnuástöðu á fyrstu hæðina?
- Hvenær klárast útboð fyrir nýja lyftu? Ég ber ábyrgð á að aðgangsmál séu í lagi.

## Spurningar samstarfsfólks

- Verður ennþá hægt að leita til Róberts ef hann fer í bókhaldið?
- Hvernig getur vinnustaðurinn dregið það svona lengi að laga lyftuna?
- Hvað meira þarf að lagfæra til að hann geti fært sig á milli deilda?



## Spurningar einstaklingsins

- Eru stjórnendur tilbúnir að fara í framkvæmdir og lagfæringar fyrir mig?
- Verður horft framhjá mér vegna fötlunar minnar og það sem myndi fylgja því að ráða mig?
- Verður samstarfsfólk tilbúið að færa sig um stað?
- Mun öðrum finnast að verið sé að gera of mikið fyrir mig?

## Spurningar stefnumótenda

- Hvernig eru aðgengismál hjá vinnustaðnum í heild?
- Hvar mættum við gera betur?
- Eru aðrar hindranir sem við sjáum ekki?
- Höfum við leitað ráðgjafar til að vinnustaðurinn uppfylli þær kröfur um aðgengi sem lög og reglur, og við sjálf, gerum til okkar?